

Fréttabréf ÍRA



1. ÁRGANGUR.


9. TÖLUBLAÐ.
NÓVEMBER 1979.

TF3IRA Í CQ WW... Í lok októbermánaðar tók klúbbstöðin TF3IRA þátt í CQ WW -keppninni (contest), SSB-hlutanum. Að þátttökunni stóðu eftirtaldir: TF3CW („landslíðseinaldur“), TF3JB, TF3KB, TF3KX, TF3UA, TF5US, TF3YH og TF3-033. Segja má að tvær flugur hafi verið slegnar í einu höggi með þessari þátttöku: Tryggt var að a.m.k. ein TF-stöð léti í sér heyra að ráði í keppninni og auk þess varð þátttakan til þess að menn lögðu harðar að sér við að koma upp góðum loftnetum og vinna að öðrum frágangi sem ella hefði allt eins dankazt e.t.v. fram að næsta sumri. Eins og svo oft áður var nær allur kostnaður gefinn félaginu með frjálsum fram-lögum þátttakenda og annarra sem sýndu málinu áhuga.

Þrátt fyrir að undirbúningur hafi að þessu sinni verið betur skipulagður og með meiri fyrirvara en yfirleitt áður, var „Murphy gamli“ ekki fjarri þegar á reyndi. Skömmu eftir að keppnin hófst bilaði „rótorinn“ sem snýr rammaloftnetinu á turninum. Með því var tryggt að TF3IRA yrði ekki í toppbar-áttunni, ef einhver hafði gert sér vonir um það.

Í þessari keppni var reynt að fara fagmannlegar í ýmis

atriði en venja hefur verið til. Notuð var heimild úr keppnisreglunum til að nota sn. auka-stöðvar til að hlusta uppi nýja „prefixa“ og margfaldara og skjóta inn samböndum við þá eins og leyft er í reglum keppinnar. Þannig voru 5 sendiviðtæki stöðugt í gangi þá tvo sólarhringa sem keppnin stóð yfir og menn unnu á vaktaskiptum. Af og til var safnazt saman (nema þeir sem voru við tækin) og athuguð staðan, á hvaða böndum hagstæðast væri að vinna hverju sinni o.s.frv. Flestir sváfu milli



vakta í sal félagsheimilisins svo að vaktaskiptin yrðu örugglega samkvæmt áætlun.

Úrslit keppinnar eru enn ekki fullreiknuð af okkar hálfu, en áætlað er að TF3IRA hafi haft um 3360 sambönd og margfaldarar voru um 370. Árangurinn varð eilítið lakari en vænt hafði verið og er þar helzt um að kenna rótorbiluninni sem einskorðaði stefnu-virkni rammanetsins við S-Evrópu, svo og magnarabilun sem kom í ljós í upphafi keppinnar.

Með þessari keppni má þó eflaust fullyrða að sitthvað hafi lært sem kemur örugglega að gagni síðar. Þegar þetta er ritað er í bígerð að taka þátt í CW-hluta sömu keppni í lok nóvember frá TF3IRA. Þá væri gaman að fleiri TF-stöðvar tækju þátt í þeirri keppni, það geta allir, jafnt nýliðar sem þeir sem lengra eru komnir.

....cuagn in cq ww, 73 de TF3KX.....

Í sl. mánuði gáfu nokkrir félagar Í.R.A. aðlögunarrás (ant. tuner) sem keyptur var frá MFJ-fyrirtækinu í USA. MFJ gaf okkur einnig nokkurn afslátt svo þegar margir lögðu í púkkið, varð upphæð hvers og eins innan skikkanlegra marka. Í kassa tækisins er ennfremur „balun” og loftnetaskiptari sem kemur sér vel við loftnetaprófanir svo eitthvað sé nefnt. Í CQ WW keppninni var rásin “prufukeyrð” og stóðst hún prófunina hikstalaust.



Niðurstöður úr TF-Útileikunum liggja nú fyrir. Samkvæmt innsendum dagbókafærslum til stjórnar Í.R.A. var árangur þátttakenda þessi:

1. fl. Hlustarar:

TF3-001 -Íslenzkir radióamatörar (op. TF3KB)..... 468 pktar

2.. fl. 0-5 wött inng.:

TF3KX/P -Kristinn Andersen..... 96 - (ER)

TF3UA/P -Sæmundur Þorsteinsson..... 24 - (ER)

3. fl. 5-50 Wött inng.:

Engin þátttaka.

4. fl. Yfir 50 Wött inng.:

TP3IM/M -Ívar Magnússon..... 3.216 - (ER)

TF3JB/M -Jónas Bjarnason..... 540 - (ER)

Athuganir á dagbókum þátttakenda sýndi að margir höfðu tekið þátt í útileikunum en látið undir höfuð leggjast að senda inn afrit af radiódagbókum sínum. Ljóst er að Ívar Magnússon, TF3IM, er afdráttarlaust sigurvegari 1. TF-útileikanna og tekur Fréttabréfið undir hamingjuóskir stjórnarinnar honum til handa. Ljóst er, skv. reglum útileikanna, að allar ofangreindar stöðvar hafa unnið til viðurkenninga og stefnir nú stjórn Í.R.A. að afhendingu þeirra síðar. .

Punktur af stjórnarfundum:

-Sótt hefur verið um leyfi fyrir klúbbstöð til radióamatöra á Akureyri, TF5AKU. TF5TP verður ábyrgðarmaður. Nú biðum við hér syðra eftir fréttum að norðan.....

-TF3CW hefur verið skipaður „contest-manager” félagsins.

-P&s hefur verið beðinn um leyfi til afnota af 160m bandinu skv. ósk TF3ST. Ennfremur er verið að kanna möguleika á 50MHz (TF3SG og TF3YH).

Bókavörður Í.R.A. TF3-035 kveður nú mestu vandkvæði á að halda saman bókakosti félagsins ef umgengni manna um það batnar ekki verulega. Að undanfögnu hefur fjöldi bóka horfið og jafnvel heilu árgangarnir af tímaritum. Þá hafa hinar nýrri kallbækur félagsins ekki sézt í háa herrans tíð. Sýnt er að með sama áfram-haldi er best að hætta öllum áskriftum að tímaritum og selja bókasafn félagsins. Til þess er nú eindregið mælt að menn skili öllu bókakyns frá félaginu sem þeir kunna að hafa undir höndum.

Aldrei fór svo að ekki myndist dráttagur maður í félaginu. TF3GCN hefur nú lagt okkur til fjölda teikninga í Fréttabréfið og eru teikningar Halldórs sem annarra félaga alltaf vel þegnar.

Fundahöld eru nú aftur á dagskrá hjá félaginu. Eftirtaldir fundir hafa verið ákveðnir;

-Umræðufundur um nýliðamál, prófmál og önnur skyld mál verður mánudaginn 19. nóv. nk. kl. 21.00.

-Félagsfundur verður fimmtudaginn 29. nóv. með dagskránni „Félagsstarfið”.

<u>DXCC-staðan:</u>		CW-hluti CQ WW keppinnar verður stanz-
TF3CW	203	laust frá 00.00 GMT laugardaginn 24. nóv. til
TF3YH	187 Q	24.00GMT sunnudaginn 25. nóv. nk.
TF3JB	143	1. Markmið keppenda er að hafa sambönd við
TF3US	111	sem flesta amatöra í sem flestum löndum
TF3DC/		og svæðum (zones).
TF5DC	107 Q	2. Tíðnisvið: Öll HF-bönd, 1,8 til 28 MHz.
TF3GCN	44	3. Þáttökuflokkar:
TF3KX	40	a) Einstaklingsþátttaka (single op.).
TF3ANN	1	Þátttakandinn getur verið á öllum
		böndum í keppninni eða verið á einhverju einu bandi
		allan tímann. Þannig er hér um 5+1=6 undirflokkar að ræða fyrir íslenska
		amatöra, sem einstaklingskeppendur geta valið á milli. b) Liðspátttaka
		(multi op.) (aðeins á öllum böndum).

- i) Einn sendir, aðeins einn sendir leyfður og eitt band á hverju 10 mínútna tímabili. Leyfilegt frávik: Eitt og aðeins eitt annað band má nota á sama tímabili, þá og því aðeins að haft sé samband við nýjan margfaldara.
- ii) Margir sendar (engin takmörk á fjölda), en aðeins eitt merki í einu leyfilegt á hverju bandi.

Ath. að í einstaklingsflokknum er hvers kyns aðstoð við þáttökuna bönnuð, s.s. dagbókafærslur, leitir að margföldurum o.s.frv. 4. upplýsingaskipti: Gefið er RST + svæðisnúmer (sem er 40 fyrir Ísland), t.d. RST 57940.

(frh.)

5. Margfaldarar: Tvær tegundir margfaldara eru notaðar:
- Gefinn er einn (1) margfaldari fyrir hvert nýtt svæði sem haft er samband við á hverju bandi.
 - Gefinn er einn (1) margfaldari fyrir hvert nýtt land (sbr. ARRL DXCC listann úr CQ-TF, 1.tbl. 1979) sem haft er samband við á hverju bandi.
6. a) Hvert samband við stöð í sömu heimsálfu (hér Evrópu) gefur einn (1) punkt (fyrir sambönd milli t.d. TF-stöðva fást þó engir punktar, þ.e. innanlands, en hins vegar marg-faldarar eins og um DX sambönd gildir). b) Hvert samband við stöð í annarri heimsálfu gefur 3 punkta.

7. Stigagjöf: Fyrir alla þátttakendur gildir:

Lokaárangur er fenginn með því að margfalda saman heildarfjölda punkta og summu svæðamargfaldara og landamargfaldara. Dæmi: Þátttakandi hefur samtals 1000 punkta, 30 margfaldara fyrir svæði og 70 margfaldara fyrir lönd. Þá er lokaárangur-inn = $1000 \times (30 + 70) = 1000 \times 100 = 100.000$.

8. Viðurkenningar eru veittar efstu þátttakendum í hverjum flokki í hverju landi. Einstaklingsstöðvar verða að sýna a.m.k. 12 klst. þátttöku og líðsstöðvar a.m.k. 24 klst. þátttöku í radiódagbók. Árangur allra stöðva verður birtur í tímarit-inu CQ. (Fleira er tekið fram í þessum lið, en kemur okkur lítið við. -aths. '3KX.)

9.-10. (Sleppt hér -3KX).

11. Radiódagbækur:

- Tími sé skráður í GMT (ísl. tími).
- Merkið aðeins sérstaklega við nýja svæða- og landamargfaldara jafnóðum og þeir bætast við á hverju bandi.
- Leiðréttið allar hugsanlegar tvítalningar (t.d. á nýjum löndum). Látið leiðréttingarnar fylgja með, en hreinskrifið ekki radiódagbókina án þeirra.
- Notið aðskilin dagbókarblöð fyrir hvert band.
- Sérhver þátttökustöð syni útreikninga sína á lokaárangri á sérstöku samantektarblaði, sem sýni enn fremur kallmerkið, keppnisflokk, nafn og heimilisfang. j^{\wedge}
- Dagbókarblöð og samantektarblöð fást hjá CQ ef sent er merkt stórt umslag ásamt svarmerkjum. (Hér heima er annars auðvelt að fá ljósrit af hvoru tveggja t.d. hjá einhverjum stjórnarmanna). Annars getur hver og einn útbúið sér.

(frh.)

eigin blöð, hvert fyrir 40 sambönd, á 8 1/2" x 11" pappír. g) Leggja verður fram lista yfir sambönd þar sem tvisvar var talað við stöð á sama bandi (eða oftari), ef fleiri en 200 sambönd voru höfð á bandinu. Þetta gildir fyrir hvert band.

...Radíódagbækur og önnur gögn skal senda í síðasta lagi 15. jan. til:
CO WW Contest Committee, (Merkið umslagið „CW”)
14 Vanderventer Avenue,
Port Washington, L.I., N.Y. USA 11050.

Hér hefur það helzta úr reglum CQ WW verið lauslega þýtt (og ýmsu sleppt). Gleggri upplýsingar gætu aðrir gefið, t.d. 3CW og 3JB ef eitthvað vefst fyrir mönnum.

Þátttaka í CQ WW tryggir mönnum yfirleitt sambönd við ný lönd og er skemmtileg reynsla sem hægt er að mæla með

DX-fréttir:

FRANZ JOSEF LAND... .Aktívitet er nú á SSB frá UK1PAA, UKIPGO og UA1PAL. Þeir halda sig mikið í kringum 14.250 MHz um 1800z. Oftast nær er listi tekinn af UA3DEA. QSL fyrir allar stöðvarnar er “via UA1OSM.

ZAIRE....9Q5DH og 9Q5WH voru DX-pedition kallmerki rétt fyrir og í CQ W contestinum, en þá var eingöngu notað kallmerkið 9Q5DH. OPs voru WB4AXN, WB4ZNH og WN4FVU. QSL via VB4CSW. HONG KONG....Töluvert aktívitet hefur verið frá VS6-stöðvum í kringum 28,450 MHz um 1400z.

KERGULEN....FB8XV á að hafa verið aktívur í CQ W contestinum. OSL via F5VU.

40m CW AL7Y(02),FP8FJ(Ot5),UG6GAI(03)

SSB SV8JE(03),GD3TNS(21)

20m SSB HB9AUV/3A(09),U0Y(19),UK1PGO(19)

15m CW GD4AM(19),VP9SR(13),J3ABV(20.)

SSB 3C1AAM8) ,A4XGC(1 8) ,VK9NW;(14)

10m CW KH6IJ(20),HC2SL(14),ZL1BOK(02)

SSB OK3TAB/D2A(18),VK8NXX(13),VS6CT(14)

AH8A via WD5EKM,OK3TAB/D2A via OK3ALE, HB0NL via HB9NL.HC8GI via V3HNC, J3ABV via W6RGG, J6LGL via W70PL,U0Y via UK0AAA.UI8LAG via VB8ZJW,VS6DD via N6DD,ZD8RH via G40BV.ZK1BB og ZK10R via W0WP, HB9AUV/3A via HB9APF,3C1AA via EA4MY, 3C0AB via EA4LH.K9EF/8R1 via K1RH.

73's de TF3YH.

N-, A/T- og C-PRÓF verða haldin að líkindum í desember ef næg þátttaka fæst. Ábúgasamir skrúfi sig á þátttökulista í I.R.A.

NB....



Seljum í stykkjastölu alla kenar
rafeindaefni, eins og:
VIÐNÁM, ÞETTA, DÍÐUR,
TRANSISTORA, DVENGRÁSIR, O.M.FL...

Vörubrval frá JOSTY KIT óvællt fyrirleggjandi.

Erum nú m.a. með:

- Digital spennu- og straummæla fyrir spennugjafa.
- Fjarstýrðanlega AC-spennustilla fyrir allt að 10 Amper / 220 Volt.
- FM-viðteki með neðri 1,4V.
- Stereo-áskynjara.

! **VIÐ VORULISTI.**

-Sendum í póstkörðu.

SAMEIND HF.

GRÖTTUGATA 48 PÓSTHÓLF 7100 107 REYKJAVÍK
SÍMA 81 2138 FAXNÚM. 1471 8014

PRETTABREPID þakkar eftirtöldum aðilum sérstaklega stuðning:

ÞERRVIÐGERÐIN -Ingólfsstræti 2, R.
RESCO hf -Laugavegi 10, R.



TÍZKVERZLUN
Laugavegi 37 og 89
sími 128 61 Reykjavík



VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar



R-300 ALL BAND COMMUNICATIONS RECEIVER

- Kigum að fyrirhuggjandi R-300 stuttbylgjuvéltekni frá TRIO.
- Tilvalið fyrir hlustara sem amatéra.
- Tekur á móti svo til samfelldu sviði frá 170kHz til 30MHz.
- SSB, CW og AM afmótun.
- Sérstakar tromlur eru fínanlegar fyrir betri tífínidreifingu á amatéra- og útvarpsstöðvasviðunum.
- Nenni (S-H)/N 10 dB, v. 50mS/8 ohm, SSB/CW: Betri en 0,5µV alla stöðir á tífínisviðunum.
- Narrow/side stilling.
- Gengur fyrir 220 V AC og 12 V DC.
- Og verðið er hagsett stóms 194.700.-

Hafðu samband við okkur...

FÁLKINN
SUÐURLANDSBRAUT 8
-sími 84670

Fékkst þú þér TROPICANA í morgun? -Sölugetalsinn frá FLORIDA-

FJÖLRITUNARSTOFA DANIELS HALLDÓRSSONAR hefur fjárlitað PRÉTTA-
bréfið á vildarkjöðrum og á þakkir skildar fyrir, ásamt auglýsendum
og þórum stuðningsávilum.

PRÉTTABREYF I.R.A.

Útg.: Íslenskir radíóamatórar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Aðsetur: Dagguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & ábm.: Kristinn Andersen (TF3KK), Sólvallag. 59, R.

Efni sendist til: TF3KX, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar
fyrir næstu útgáfu.